

við frv. til búfjárræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. orðið „fjár“ í c-lið 1. málsg. falli niður.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „búfjárræktarlög“ í a-lið 2. tölul. 1. málsg. komi: búfjárræktarfélag.
3. Við 29. gr. Í stað orðanna „33. gr.“ í 1. málsg. komi: 28. gr.
4. Við 31. gr. Í stað orðsins „tilkynna“ í 1. málsg. komi: tilkynnt.
5. við 46. gr. Í stað orðsins „varps“ komi: vargs.
6. Við 53. gr.
  - a. 2. málsg. orðist svo:
 

Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.
  - b. Á eftir 2. málsg. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
 

Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsg., ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsg. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.
7. Við 55. gr. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ á fimm stöðum í greininni komi: sveitarstjórn.
8. Við 56. gr.
  - a. 1. málsg. orðist svo:
 

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þríriti, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveislu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn siðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullunnum á tilskildum tíma.
  - b. Í stað orðsins „Hreppsnefnd“ í 3. málsg. komi: Sveitarstjórn.
9. Við 57. gr. Í stað orðsins „hreppsnefndir“ komi: sveitarstjórnir.
10. Við 58. gr. Í stað orðsins „hreppsnefndar“ komi: sveitarstjórnar.
11. Við 59. gr. Í stað orðsins „hreppsnefnd“ komi: sveitarstjórn.
12. Á eftir 66. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:
 

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.